



Borgarráð

### **Tillaga að ut anumhaldi um rafræna vöktun í starfsemi Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði ábyrgð á ut anumhaldi og eftirliti með rafrænni vöktun öryggismyndavéla sem settar eru upp á vegum starfsstaða Reykjavíkurborgar. Fyrir liggur að ná þarf betur utan um og staðsetja allar öryggismyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar, útbúa verklagsreglur um notkun öryggismyndavéla í starfsemi borgarinnar ásamt því að skoða uppsetningu þeirra véla sem þegar eru til staðar m.t.t. netöryggis og persónuverndar. Þá þarf að skýra ábyrgð á, sem og eftirlit með notkun þeirra með tilliti til persónuverndar. Jafnframt þarf að skýra verklag og kröfur varðandi uppsetningu og kaup á nýjum öryggismyndavélum.

#### **Greinargerð:**

Framundan er innleiðing kerfis hjá upplýsingatækniþjónustu sem ætlað er að auka netöryggi borgarinnar. Ein virkni þess er að öll tæki sem tengjast neti Reykjavíkurborgar þurfa að vera auðkennd. Önnur tæki læsast sjálfkrafa út af netinu, þ.m.t. öryggismyndavélar. Þá lýkur einnig bráðlega innleiðing á nýju kerfi sem heldur utan um vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi borgarinnar.

Öryggismyndavélar hafa verið settar upp á starfsstöðum og stofnunum víðsvegar um Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að tryggja að til sé heildstætt yfirlit yfir staðsetningu þessara myndavéla og að það verði unnið að því að skrásetja tilgang með uppsetningu þeirra á öllum starfsstöðum, svo og hvernig vinnsla persónuupplýsinga sem til verða í rekstri þeirra fer fram. Eins og staðan er í dag er ekki hægt að tryggja að allar öryggismyndavélarnar uppfylli ítrustu netöryggisstaðla. Tímabært er að ná með heildstæðum hætti utan um allar öryggismyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar og koma þeim í öruggt rekstrarumhverfi eða úrelða þær sem ekki standast kröfur.

Reykjavíkurborg hefur sett reglur um þann hluta rafrænnar vöktunar sem snýr að hljóðritun símtala og meðferð persónuupplýsinga sem verða til í stafrænum samskiptum einstaklinga og lögaðila við Reykjavíkurborg. Þær reglur eru í samræmi við lög um Persónuvernd og reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun. Þá hefur Reykjavíkurborg síðustu misserin verið með til umfjöllunar hvernig ná megi utan um aðra rafræna vöktun sem ofangreindar reglur taka til þ.e. eftirlitsmyndavélar, vefmyndavélar og staðsetningarbúnað. Þeirri vinnu er ekki lokið m.a. vegna þess að ábyrgðaraðili með verkefninu og reglusetningu, hefur ekki verið skilgreindur.

Þar sem enn eru ekki til heildstæðar verklagsreglur innan Reykjavíkurborgar um hvernig standa skuli að ákvörðun um, uppsetningu og rekstri öryggismyndavéla þá hafa einstaka starfsstaðir brugðið á það ráð að setja sínar eigin reglur sem allar standast kröfur laga þrátt fyrir að vera ólíkar í inntaki og uppsetningu. Það hefur meðal annars gert það að verkum að hlutverk og ábyrgð aðila í heildarsamhenginu eru óskýr. Mikilvægt er að samræma nálgun borgarinnar í þessum efnum til að tryggja heildstæða hlítningu við lög og skýra ábyrgð og hlutverk. Eins er nauðsynlegt að til séu skýrar reglur um meðferð gagna úr slíkum vélum og



Reykjavíkurborg

skrá vinnslur með skipulögðum hætti. Miðlæg stjórnun og samþætting á að tryggja að uppsetning og rekstur öryggismyndavéla hjá starfsstöðum borgarinnar uppfylli öryggisstaðla ásamt því að auðvelda leit og miðlun efnis þegar þörf krefur.

Starfshópur á vegum upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar hefur þegar skilgreint áskorunarramma fyrir verkefnið og hafið samtali við hagsmunaaðila.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri